

Matvælastofnun
Austurvegur 64
800 SELFOSS

Garðabær, 20. september 2024
Málsnúmer: 202408-0021
BK

Efni: Umsókn Northlight Seafood ehf. vegna skeldýraræktar í Hvammsfirði

Vísað er til tölvupósts frá Matvælastofnun, dags. 15. ágúst 2024, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar vegna umsóknar Northlight Seafood ehf. um ræktunarleyfi til flekaræktunar á kræklingi í Hvammsfirði. Fyrirtækið hefur verið tilraunaleyfi á sömu svæðum.

Náttúrufræðistofnun veitti umsögn um umsókn um tilraunaleyfi fyrirtækisins þann 25. mars. 2022. Líkt og þar kom fram er fyrirhugað ræktunarsvæði innan Breiðafjarðar sem er verndaður með lögum nr. 54/1995 um vernd Breiðafjarðar og sem hefur einnig verið tilnefndur af Náttúrufræðistofnun á B-hluta náttúruminjaskrár vegna fjörugerða, fugla og sela. Lífríki Breiðafjarðar er afar fjölskrúðugt, þar eru umfangsmestu þaraskógar hér við land, svæðið er gífurlega ríkt af fuglalífi, selalátur á skerjum og eyjum auk þess sem uppeldisstöðvar margra mikilvægra nytjastofna er þarna að finna.

Í umsókninni nú kemur fram að um verði að ræða „ræktun og framleiðslu á kræklingi á iðnaðarskala.“

Náttúrufræðistofnun vill ítreka að ítarlegar upplýsingar um búnaðinn og hvernig hann verður settur upp, s.s. fjöldi og stærð fleka, fjöldi lína/safnara, lengd og bilið á milli þeirra þurfi að koma fram. Einnig liggur ekki fyrir hversu mörg ræktunarsvæði verða í notkun í einu en heildarumfang fyrirhugaðra ræktunarsvæða er mikið. Þá þyrfti tíðni og tímasetning vitjana að koma fram til að hægt sé að meta möguleg áhrif af völdum truflunar á fuglalíf. Í Hvammsfirði eru m.a. óðul hafarna en haförn er tegund sem er mjög viðkvæm fyrir truflun á varptíma.

Þá er þekkt að margar fuglategundir sækja í skeldýrarækt og mikilvægt er að aðgerðir til að draga úr ásókn fugla séu hófstilltar og valdi fuglunum ekki tjóni. Til dæmis sitja máfar gjarnan á flothlutum slíkrar ræktunar og í Breiðafirði verpa svartbakur og hvítmafur sem báðir eru á valista sem tegundir í hættu.

Þá ætti vöktunaráætlun unnin í samstarfi við fagaðila einnig að liggja fyrir áður en leyfi er gefið út, sér í lagi þegar um er að ræða jafnmikilvægt lífríkissvæði og Breiðafjörð. Skeldýrarækt getur haft margvísleg áhrif á nær- og fjærliggjandi vistkerfi, s.s. á lífmassa plöntusvifs (sem hefur áhrif áfram upp fæðukeðjuna), setuppsöfnun, tegundasamsetningu og hafstrauma svo dæmi séu tekin. Þessi áhrif geta verið neikvæð og því er mjög brýnt að vakta lífríkið í grennd við skeldýraræktun. Þá er nauðsynlegt að horfa til samlegðaráhrifa þessarar ræktunar við önnur fyrirhuguð ræktunarsvæði í Hvammsfirði.

Náttúrufræðistofnun gerir ekki frekari athugasemdir að sinni en er tilbúin til frekari ráðgjafar sé þess óskað.

Virðingarfyllst,

Borgný Katrínardóttir
Líffræðingur, svið náttúruverndar

